

## Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga,  
nr. 97/2002 (sérhæfð þekking).

Frá velferðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Þór Þorvaldsson og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Berglindi Ásgeirsdóttur frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, Hilmar Vilberg Gylfason og Gunnar Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Heiðrínu Björk Gísladóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Nönnu Elísu Jakobsdóttur frá Samtökum iðnaðarins, Halldór Oddsson frá Alþýðusambandi Íslands, Sverri B. Berndsen og Bryndísi Axelsdóttur frá Vinnumálastofnun og Öldu Karen Svavarsdóttur frá Útlendingastofnun.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins.

### Efni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Lagt er til að í nýrri 3. mgr. 8. gr. laganna verði kveðið á um heimild ráðherra til þess að birta í reglugerð lista yfir þau störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar þar sem tímabundinn skortur er á starfsfólki. Skal ráðherra óska eftir tillögum að breytingum á framangreindri reglugerð frá hlutaðeigandi stofnunum og hagsmunaaðilum að minnsta kosti á tólf mánaða fresti. Þá er lagt til að Vinnumálastofnun verði veitt heimild til þess að veita tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli þeirra breytinga sem lagðar eru til og að heimilt verði að framlengja atvinnuleyfi sem veitt eru á grundvelli nýrrar 3. mgr. 8. gr. laganna um allt að tvö ár, þrátt fyrir að það starf sem um ræðir hafi verið fellt brott af lista yfir störf í framangreindri reglugerð.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja markvissari afgreiðslu umsókna um atvinnuleyfi vegna starfa sem ekki krefjast tiltekinnar sérfræðiþekkingar í formi háskóla-, iðn-, list- eða tækni-menntunar sem viðurkennd er hér á landi en krefjast þess þó að sá einstaklingur sem gegni því starfi sem um ræðir hverju sinni búi yfir sérhæfðri þekkingu sem tímabundinn skortur er á hér á landi. Gert er ráð fyrir að þau störf kunni m.a. að vera á sviði upplýsinga- og fjar-skiptatækni eða annarra starfsgreina þar sem störf kunna að krefjast sérhæfingar sem telst þó ekki til sérfræðiþekkingar í skilningi gildandi laga.

### Umfjöllun málsins.

Við meðferð málsins var fjallað um að skilyrði fyrir veitingu tímabundinna atvinnuleyfa hér á landi og afgreiðsla þeirra væri þung í vöfum sem hefði m.a. neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslensks vinnumarkaðar gagnvart öðrum ríkjum. Þung og hæg afgreiðsla á atvinnuleyfum erlendra sérfræðinga gæti m.a. haft þær afleiðingar í för með sér að þeir sérfræðingar sem hingað hefðu annars komið leiti í störf í öðrum ríkjum.

